



tónlistarmanna

Félag íslenskra

klassísk deild FÍH
Rauðagerði 27
108
Reykjavík

kt:530169-6509

Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026
511. mál, þingsályktunartillaga
154. löggjafarþing 2023–2024.

Umsögn frá Félagi íslenskra tónlistarmanna. Félagið fagnar frumvarpi um aðgerðaáætlun um íslenska tungu, telur það brýnt og tekur undir allt sem þar er að finna. Við viljum þó nota tækifærið og benda á atriði sem mættu vega þyngra í 8. grein frumvarpsins um mikilvægi lista og menningar.

8. Mikilvægi lista og menningar

Mikilvægi íslenskunnar verði ávallt haldið á lofti í samhengi listsköpunar og miðlunar menningar, ekki síst fyrir börn og ungmenni og þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Leitast verði við að skapa skilyrði fyrir fólk á öllum aldri og hvar sem það stendur í máltileinkun til að skapa og miðla list sinni á íslensku og njóta lista og menningar.

Ekki er nóg að halda á lofti iðkun og miðlun listar, heldur þarf að styrkja stoðir og kennslu á öllum skólastigum. Ekki síst þarf að styðja við kennaranám í tónlist til að faglærðir kennarar geti sinnt tónmennt í fleiri skólum og í lengri tíma í senn en nú er. Tónmennt og söngur á að vera hluti af námsáætlun allra barna á öllum skólastigum. Það er löngu sannað að söngur hefur jákvæð áhrif á málþroska, lestrargetu og lesskilning barna, sé hann stundaður reglubundið frá unga aldri. Æskilegt væri að sem flestir skólar héldu úti skólakór þar sem börn læra íslensk lög, auka félagsgetu sína, tileinka sér ljóðmál og auka við orðaforða sinn. Slíkir skólakórar myndu vera sérstaklega gagnlegir fyrir nýbúa og afkomendur innflytjenda til að styðja við þátttöku þeirra í félagslífi, inngildingu í samfélaginu og hjálpa þeim að læra framburð og orðaforða í íslensku. Slíkir kórar þyrftu ekki að vera mikil fjárfesting fyrir skóla, sem oft eru með faglærða tónmenntakennara á launum og ekki þarf ekki að fjárfesta í hljóðfærum fyrir stóra hópa. Æskilegt væri að hver skóli væri með píanó til nota fyrir slíka kóra.

